

Zelsíuz flakkar um Árborg

Flakkandi Zelsíuz í Árborg – nýtt framtak á vegum félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz hófst formlega 12. júní sl.

Markmið verkefnisins er að mæta ungmennum þar sem þau eru stödd, styrkja verndandi þætti í nærumhverfi þeirra og efla tengsl við samfélagið.

Sveitarfélagið Árborg greinir frá þessu á heimasíðu sinni

Verkefnið byggir á vettvangsstarfi og sameinar stuðning og uppbyggilega viðburði á þeim stöðum þar sem ungmenni koma saman. Með því er stefnt að því að draga úr áhrifum áhættuþátta og styðja við félagslega stöðu unglinga, svo þau geti notið æsku sinnar í öruggu og styðjandi umhverfi.

Starfsfólk Zelsíuz mun ferðast um bæinn í níu manna bíl félagsmiðstöðvarinnar og klæðist bláum jökkum, svo þau séu auðþekkjanleg og aðgengileg

ungmönnum og öðrum íbúum. Starfið fer fram á kvöldin, frá fimmtudegi til laugardags, á tímabilinu 12. júní til 19. júlí.

Samfélagslögreglan mun taka þátt í vöktum verkefnisins um helgar, sem eykur öryggi og sýnileika verkefnisins í samfélaginu.

Sérstök áhersla verður einnig lögð á viðveru á bæjarhátíðum í Árborg, eins og Kótelettunni og Sumar á Selfossi, þar sem ungmenni koma saman og mikilvægt er að bjóða þeim upp á jákvæða og styðjandi nærveru.

Verkefnið hlaut veglegan styrk frá Kvenfélagi Selfoss, sem gerir félagsmiðstöðinni kleift að efla búnað og aðstöðu til að sinna þessu mikilvæga starfi. Þessi stuðningur er afar dýrmætur og skiptir sköpum fyrir það að geta mætt ungmönnum með fagmennsku og hlýju.



Tímamótasamningur um verklega kennslu slökkviliðsmanna í útkallsstarfi

Brunamálaskólinn, sem starf-
bræktur er af Húsnæðis- og
mannvirkjastofnun og menntar
slökkviliðsmenn um allt land,
hefur nú í fyrsta sinn gert lang-
tímasamning við Brunavarnir
Árnessýslu um verklega kennslu
í grunnnámi slökkviliðsmanna í
hlutastarfi. Samningurinn, sem
nær til þriggja ára, markar tíma-
mót í samstarfi þessara aðila og
veitir samstarfinu formlegan og
traustan grunn til framtíðar.

Húsnæðis- og mannvirkj-
astofnun greinir frá þessu á
heimasíðu sinni.

Samstarfið byggir á góðri
reynslu sem hefur þróast frá
árinu 2021. Með nýjum samningi
er því lyft upp á næsta stig með
skýrari framtíðarsýn og mark-



vissari framkvæmd námsins.
Markmiðið er að efla hæfni og
viðbragðsgetu slökkviliða með

samræmdri, faglegri og vandaðri
verklegri þjálfun.

Verkleg námskeið verða

haldin í lotum og fara fram viðs
vegar um landið. Námskeiðin
taka til breytilegra þátta lögbund-

inna verkefna slökkviliða, þar á
meðal slökkvistarfsemi, björgun
fastklemmdra og viðbrögð við
mengunaróhöppum. Slík þjálfun
er lykilatriði í öryggi og viðhaldi
fagmennsku á sviði brunavarna
á Íslandi. Með samningnum er
jafnframt tryggður stöðugleiki
og gæði í verklegri þjálfun, sem
mun nýtast bæði slökkviliðs-
mönnum og samfélaginu öllu.

Brunavarnir Árnessýslu hafa
tekið virkan þátt í þróun og fram-
kvæmd verklegrar þjálfunar
fyrir hönd Brunamálaskólans.
Þekking og reynsla þeirra hefur
reynst afar dýrmæt í uppbyggingu
námsins og nú fær það sam-
starf formlegt og skýrt umboð til
næstu þriggja ára.

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



Gagnheiði 26, Selfoss ■ 480 3300 ■ www.trs.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysra@keysra.is - www.keysra.is - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)




Þvottahúsið er opið!

AfroViking Þvottahúsið á Hellu er opið.

Þjónustubvottur Opið | **Sjálfsafgreiðslubvottur Kemur fljótlega**

Opið daglega frá 8:00 til 18:00

Dynskálar 51, Hella
info@afroviking.is



Útihúsgögn.is

GARÐSETT OG GARÐBEKKIR Í SKANDINAVÍSKUM STÍL ÚR EDALVÍÐ

Sterk og falleg útihúsgögn úr þykri eik eða Douglasgreni

ÚTÍHÚSGÖGN SEM ÞARFNAST EKKI INNGEYMSLU

utihusgogn.is
[lyngur.is](https://www.instagram.com/utihusgogn.is)
















info@utihusgogn.is
www.utihusgogn.is

Sýnishorn af fjölbreyttu vöruvali okkar

Tryggðu þér einstök útihúsgögn í dag! Frí heimsending á SV-landi

Garn og kósý opnað á Eyravegi

Guðný Ósk Vilmundardóttir og Kata Magnúsdóttir hafa opnað nýja hannyrðabúð að Eyravegi 15 á Selfossi sem ber heitið Garn og Kósý.

„Við erum tvær vinkonur sem stóðum á ákveðnum tímamótum og ákváðum að fara í það að gera eitthvað sem okkur finnst skemmtilegt og úr varð að opna verslun með garni og fylgihlutum,“ segja Guðný og Kata í samtali við Dagskrána.

Hugmyndin hjá þeim er að skapa búð með notalegri stemmningu og má finna kósýhorn þar sem allir eru velkomnir með handavinnuna sína í kaffi til þeirra. Í haust langar þær að halda námskeið, þrjónakvöld og taka á móti hópum í notalega stund.

„Þegar við vorum komnar af stað með hugmyndina okkar sáuðum við að okkur langaði að hafa fjölbreyttara úrval og förum þá á stúfana að leita að gjafavöru inn í búðina okkar. Við komumst í samband við Fangaverk og seljum gjafavöru frá þeim ásamt fleirum.“

Búðin er með allar tegundir af lopa og garni frá Ístex ásamt því að vera með gæðagarn á góðu verði frá Cascade. Svo er von á fleiri nýjungum á næstunni. Einnig eru til þrjóna- og heklunálar frá Knitpro ásamt tölum, þrjónamerkjum, málböndum og fleiru sem bráðnaðsynlegt er í handavinnuna.

EHI



Dæluhús við árbakkann

Framkvæmdir við virkjun á nýrri vinnsluholu Selfossveitna, SE-45, við Ölfusá, hafa skapað umræðu í samfélaginu, einkum vegna byggingar nýs dæluhúss.

Við jarðhitaleit eru Íslenskar Orkurannsóknir, okkar helstu ráðgjafar. Þeir staðsetja rannsóknarholur þar sem þeir telja líklegast að heitt vatn finnist. Orkuleit getur verið tímafrek og ekki alltaf skilað árangri. Fjölmargar holur hafa verið boraðar hér við Selfoss og bera allar auðkennið SE, sem stendur fyrir Selfoss, ásamt númeri. Vinnsluholan SE-45 er því 45. hola sem boruð hefur verið hér á svæðinu. Þó svo að rannsóknarhola finni ekki heitt vatn gefur hún alltaf mikilvægar upplýsingar um jarðhitann á svæðinu.

Á síðustu árum hefur um-

fangsmikil jarðhitaleit farið fram, sérstaklega við bakka Ölfusár. Þar hafa verið boraðar fjölmargar rannsóknarholur af mismunandi dýpt og af þeim hafa þrjár holur skilað árangri í vinnanlegu magni af heitu vatni fyrir Selfossveitur. Ein þessara hola, SE-40, hefur þegar verið virkjuð og er staðsett fyrir sunnan Sláturhús Suðurlands. Við virkjun á vinnsluholu þarf að byggja dæluhús. Selfossveitur hafa lagt sig fram við að þessi hús falli vel að umhverfinu og láti sem minnst á sér bera. Dæluhús við SE-40 er dæmi um það ásamt öðrum vinnsluholum á svæðinu, en þar eru húsin hulin með grænni torfu og byggð inn í hól þannig að einungis er sjáanlegur einn útvegur.

Í byrjun árs 2024 var ákveðið að bora rannsóknarholu SE-45 fyrir aftan Hótel Selfoss. Holan skilaði árangri í mars sama ár og gefur um 15-20 lítra af yfir 70°C heitu vatni á sekúndu. Slík hola, staðsett innanbæjar og með mikla afkastagetu, er afar verðmæt fyrir hitaveituna. Þó reyndist staðsetningin áskorun: hún liggur á klöpp við vatnsmestu á landsins og er aðeins 10 metrum frá ánni. Upphaflega var athugað hvort mögulegt væri að grafa húsið niður, en sú lausn reyndist hafa fjölmarga ókosti vegna yfirvofandi flóðahættu. Hefði það verið gert hefði hætta verið á að húsið færi reglulega í kaf, sérstaklega yfir vetrar-

Sveinn Ægir Birgisson

Formaður eigna- og veitunefndar.



mánuðina þegar veiturnar mættu minnst við því að missa út borholur.

Því var ákveðið að byggja dæluhúsið ofanjarðar þannig að það stæðist stærstu flóðin í Ölfusá. Hugmynd kom upp um að byggja húsið inn í hól, líkt og við SE-40, en fallið var frá því vegna þess að sú bygging yrði hærri en núverandi tillaga og hóllinn hefði getað myndað hættulega sleðabrekku við árbakkann.

Í ljósi þess að ekki var hægt að „fela“ dæluhúsið, var ákveðið að nýta tækifærið og gera húsið aðgengilegt almenningi. Setja upp upplýsingaskilti um sögu svæðisins með áherslu á Ölfusá, Selfosskirkju og brúarstæðið, auk fræðslu um vinnslu heits vatns og orkuöflun Selfossveitna. Stórir gluggar verða á húsinu sem gerir gestum kleift að sjá inn í tæknirýmið. Sérstaklega verður hugað að landmótun og snyrtilegum frágangi í kringum bygginguna.

Það var vitað mál að uppbygging á dæluhúsi á þessari staðsetningu yrði flókin en ég bið íbúa að sýna biðlund og dæma verkefnið þegar því er lokið.



Fimm ára afmælissýning sem breytist mögulega í kveðjusýningu?

Kæru Sunnlendingar.

Við höfum lengi setið á okkur og ýtt húsnæðisvandamáli okkar í Dansakademiunni til hliðar en nú getum við ekki annað en horfst í augu við þetta sistækkandi vandamál. Við erum búnar að eyða ófáum klukkustundum í símtöl síðasta árið við hina og þessa leiguaðila að reyna að finna lausn á okkar vanda. Eins og staðan er í dag sjáum við fram á að við munum fá að færa okkur yfir í Stekkjaskóla með tvo sali næsta haust í eitt ár, en eftir það ár er starfsemin okkar á götunni þar sem ekkert viðeigandi húsnæði finnst í sveitarfélaginu. Starfsmenn fristundaþjónustu Árborgar eru búnir að vera okkur til halds og trausts síðustu þrjú árin að hjálpa okkur að finna lausnir. Nú upplifum við hins vegar að hjálp sveitarfélagsins er orðin takmörkuð þar sem lítið



framboð er af húsnæði af stærðargráðunni sem við leitum að. Vandamál okkar stækkar bara og stækkar með hverju ári þar sem nemendafjöldinn eykst. Ósk okkar er sú að finna 350 fermetra húsnæði sem hýsir 250 dansandi ungmennti á öllum aldri. Ef ekkert húsnæði finnst, þá munum við loka Dansakademiunni að ári liðnu vorið 2026. Sem þýðir að fimm ára afmælis-nemendasýningin okkar í Borgarleikhúsinu verður í raun

kveðjusýning. Þessi ákvörðun er búin að vera lengi í bígerð og okkur finnst mjög sárt að þetta sé raunveruleikinn. En þegar maður veltir upp möguleikum, þar sem hver er verri en sá fyrri, þá erum við sammála um að við höfum ekki áhuga á að reka húsnæðislausan dansskóla. Við getum ekki boðið okkar nánustu fjölskyldu upp á það vinnuálag og streitu sem hefur fylgt því að reka dansskóla sem er sífellt á flakki.

Með þessum skrifum auglýsum við enn og aftur eftir atvinnu-húsnæði sem hýsir starfseminu okkar, um 350 fermetra. Ef þið, kærur íbúar Árborgar, vitið um eitthvað mögulegt húsnæði þá biðjum við ykkur að senda okkur tölvupóst á dansakademian@dansakademian.is eða hringja beint í Ástrós, s. 695 7494.

Ástrós Guðjónsdóttir,
Eigandi Dansakademiunnar.



Hraðstefnumót við íslenskuna gekk vonum framar

Bókasafn Árborgar, Fræðslunetið og Háskóla-félag Suðurlands hafa tekið höndum saman og hafa hafið innleiðingu á verkefninu Gefum íslensku séns. Verkefnið var sett af stað við Háskóla-setur Vestfjarða þar sem það hefur náð frábærum árangri og rekur nú anga sína í Árborg.

Á dögnum var haldið svokallað hraðstefnumót við íslenskuna í Tryggvaskála sem gekk vonum framar. Meginmarkmið viðburðarins var að veita íbúum af erlendum upp-runa tækifæri á því að æfa sig að tala íslensku og ekki síður að þjálfra móðurmálshafa í því að hlusta og svara aftur á íslensku. Skemmtilegar um-ræður sköpuðust og gleðin skein úr andlitum þátttakenda. Fulltrúar Bókasafns Árborgar

á Selfossi, Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands mættu með barmnælur, vegg-pjöld og umræðupunkta til að skapa samtal en flest komust mun lengra og dýpkuðu sam-tölin enn frekar af sjálfs-dáðum.

„Eitt það dýrmætasta sem við höfum í okunnu landi er tungumálið enda veltur svo margt á samskiptum og teng-ingu við fólk til að finna sess í nýju samfélagi. Þátttakan í viðburðinum var eftir björt-ustu vonum og er stefnt að því að halda annað hraðstefnu-mót við íslenskuna í septem-ber og má jafnvel reikna með einum eða tveimur slíkum við-burðum í Uppsveitum Árnes-sýslu,“ segir í tilkynningu frá Háskólafélagi Suðurlands.

VIÐ ÓSKUM EFTIR

BLAÐAMANNI

Blaðamaður óskast í hlutastarf eða verktakastarf við Dagskrána, fréttablað Suðurlands

Umsækjandi þarf að vera drífandi, jákvæður, forvitinn og hugmyndaríkur og óhræddur við að takast á við margvísleg og spennandi verk-efni sem fylgja starfi blaðamanns. Við hvetjum sérstaklega verktaka með reynslu og gott auga fyrir fréttum til að sækja um.

Helstu verkefni: Frétta- og efnigerð fyrir Dagskrána og DFS.is, uppsetning á Dagskránni (fer eftir starfshlutfalli), auglýsingaöflun og önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Hafa brennandi áhuga á blaðamannastörfum og gott fréttanef
- Gott vald á ljósmyndun (myndbandagerð er kostur)
- Góð tölvu- og tækniþekking
- Framúrskarandi færni í íslensku og gott vald á ensku
- Góð skipulagshæfni

Starfshlutfall eftir samkomulagi.

Sveigjanlegur vinnutími í boði fyrir réttan aðila.

Umsóknarfrestur er til 20. júní nk.

Nánari upplýsingar um starfið veita framkvæmdastjóri mannauðsmála í isi@prentmetoddi.is, s. 8 560 601 og útibústjóriinn Prentmets Odda á Selfossi þ.e. brv@prentmetoddi.is, s. 8 560 656.

Vinsamlegast sakið um starfið á alfred.is.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Þetta er einn af mörgum dæmum um góða starfsfærni og hvernig hún hefur hjálpað okkur að ná okkar markmiðum. Þetta er einn af mörgum dæmum um góða starfsfærni og hvernig hún hefur hjálpað okkur að ná okkar markmiðum.

Þetta er einn af mörgum dæmum um góða starfsfærni og hvernig hún hefur hjálpað okkur að ná okkar markmiðum.

Prentmet Oddi á Selfossi rekur Dagskrána, fréttablað Suðurlands. Dagskráin er prentuð í 5200 eintökum og er dreift á alla helstu þjónustustaði á Suðurlandi, ásamt því að fara í blaðakassa á Selfossi, í Hveragerði, Þortákshöfn, Stokkseyri og Eyrabakka. Fréttavefurinn DFS.is er rekinn samhliða blaðinu. Á miðunum okkar er að finna fréttir og umfjallanir af sunnlensku mannlífi.



Þrír styrkir til nýsköpunar og fagþróunar í BES

Ávornuðum fékk Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) úthlutað þremur styrkjum til að efla og þróa skólastarf. Tveir þeirra eru frá Sprotasjóði og einn úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Sprotasjóður „Ljóðlína til lífs“
BES hlaut 710.000 kr. til verkefnisins Ljóðlína til lífs, sem miðar að því að efla ljóðræna tjáningu og notkun ljóða í námi með áherslu á miðstígg. Verkefnið sameinar sköpun, lestur og túlkun. Verkefnastjórnar eru Charlotta Sigríð og Kósini og Heiðrún Helga Ólafsdóttir.

Sprotasjóður „Í leiknum búa töfrarnir“
Verkefni sem hefur það markmið að kanna hvernig nýta má leik sem námstæki á yngsta stigi hlaut 1.000.000 kr. styrk. Verkefnastjóri er Sigríður Pálsdóttir. Styrkirnir voru afhentir við hátíðlega athöfn í Mennta- og barnamálaráðuneytinu í 11. júní, þar sem Guðmundur Ingi Kristinsson mennta- og barnamálaráðherra og Bragi Þór Svavars-son, formaður stjórnar Sprotasjóðs, stóðu fyrir formlegri afhendingu.

Endurmenntunarsjóður grunnskóla
Að auki hlaut BES 336.000 kr. úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að styðja við innleiðingu nýrrar uppeldisstefnu í skólastarfinu. Styrkurinn verður nýttur í fræðslu og stuðning fyrir starfsfólkið í innleiðingarferlinu. Verkefnið hefur verið kynnt í skólaráði og verður kynnt for- eldum í upphafi næsta skólaárs. „Við í BES fögnum þessum styrkjum og tækifærunum sem þeir skapa til að efla faglegt starf, nýsköpun og skapandi nálgun í námi og kennslu,“ segir í tilkynningu frá skólanum.

Atvinnumálastefna neðri hluta Árnassýslu tilbúin

Fulltrúar Flóahrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Árborgar ásamt Háskólafélagi Suðurlands og RATA hafa unnið nýja atvinnumálastefnu fyrir neðri hluta Árnassýslu sem gildir frá 2025-2029.

Sveitarfélögin hafa unnið ótúllega að stefnunni ásamt starfsmönnum Háskólafélags Suðurlands undanfarna mánuði. Hafðís Huld Björnsdóttir hjá RATA kom inn í teymið í seinni hluta verkefnisins og leiddi úrvinnslu stefnunnar og reyndist samstarfið mjög gott.

Við söfnun gagna og úrvinnslu þeirra komu fjölmargar áhugaverðar niðurstöður. Íbúar tóku virkan þátt, bæði með þátttöku í íbúakönnun og á íbúafundum. Áhersla var lögð á að raddir íbúa fengju vægi og að stefnumótunin endurspegladi



þau atriði sem þeim eru mikilvægust.

Stefnan er leiðbeinandi skjal fyrir sveitarfélögin og framkvæmdaaðila þeirra og er hún sameiginleg fyrir sveitarfélögin þrjú. Þótt markmið og áherslur

séu sameiginlegar, eru sveitarfélögin mislangt komin í sínum verkefnum. Þau munu hvert fyrir sig vinna að innra skipulagi í samræmi við stefnu og á sama tíma halda áfram samstarfi sín á milli.

Gáta vikunnar

Oft má þau í eyrum sjá, einn í burt er pappírslað. Hermann Gunnars heilmörg á, hálfpott þessa telja má.

Svar við gátu í blaði 2806: **SKARI**
2. Skar(i)



Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR



Flatbrauð Margrétar af Savoja

Tómas Héðinn Gunnarsson er matgæðingur vikunnar.

Ég vil byrja á því að þakka heiðarlegasta vini mínum, Heiðari, fyrir áskorunina sem og þessa girnilegu lasagna-uppskrift.

Það vill oft verða að uppskriftir innihalda alltof mörg hráefni, en ég er mikill talsmaður fyrir „minna er meira“ í eldhúsinu og það eru fáir réttir þar sem þessi orð eru sannari en í góðri pizzu.

Ítalir eru góðir í fleiru en bókhalda og Raffaele Esposito, sem talinn er faðir nútímapizzunnar og sá sem á heidurinn á hinni frægu Margheritu verður hér heiðraður.

Hér fær deigið mestu dekrunina og er það vel þess virði. Annars er hægt að nota hvaða pizzadeiguppskrift sem er.

Uppskrift

Fjórar 10-12" deigkúlur
560 g hveiti (helst typo 00)
360 g vatn (um 33°C) - 390 g ef ekki er notað typo 00
12 g salt (rúmlega 2 tsf.)
¼ tsf. þurrger
1 msk. sykur (valfrjálst)

Blandaðu saman hveitinu og vatninu og láttu standa í minnst 20 mín., helst lengur en þó ekki meira en 2 klst.

Dreifðu saltinu og þurrgerinu yfir og blandaðu mjög vel saman með höndunum. Klíptu í deigið, teygðu og togaðu það til. Dýfðu höndunum í volgt vatn svo deigið klessist síður við þær.

Hnoðaðu deigið með því að teygja það og brjóta svo yfir sjálft sig þar til það hættir að teygjast og lyftist upp úr skálinni þegar togað er í það. Hægt er að finna góðar leiðbeiningar á Youtube fyrir þessa aðferð.

Þetta skal endurtekið 3-4 sinnum með 15-30 mín. pásu inn á milli. Deigið ætti eftir síðustu lotuna að vera farið að bólgnu út í skálinni.

Lokaðu svo skálinni og láttu deigið standa við stofuhita í um 5 klst. frá því að hnoðun hófst.

Skiptu deiginu niður í 4 jafna bita og mótaðu í kúlur, færðu þær svo í olíusmurt lokað ílát þannig að slétta hliðin snúi

upp og láttu hefast í 2-3 klst. Passaðu að kúlurnar hafi nægilegt bil á milli sín til að stækka.

Nú er hægt að fletja þær út í botna og setja áleggjið á. Ég mæli gegn því að nota kökukefli því þú vilt ekki kreista loftið úr deiginu.

Setjið hveiti á borðið og látið kúluna liggja fyrir framan ykkur. Þrýstið með fingrunum hring í kúluna, sirka 2 cm frá kontunum, og svo er kúlan tekin upp í hendurnar og snúið á hnúnum þar til að fullkominn botn er mótaður. Þið hafið öll séð þetta á alvöru pizzastöðum og í sjónvarpinu og hér er Youtube aftur vinur ykkar og það mun taka æfingu að ná því alveg rétt, en trúið mér, það er þess virði.

Álegg

San Marzano-tómatar í dós.
Mozzarella-ostur (helst ítalskur ef þið finnið hann, bara ekki íslensku gúmmi-kúlurnar)
Fersk basilíka

Tilbúin pizzasósa er rosalega ofmetin og ég mæli með að þið prófið að kaupa San Marzano-tómata í dós. Tæmið dósina í skál og notið svo hendurnar til að kreista þá í mauk. Ekki nota matvinnsluvél því þá brotna fræin í tómtunum og beiskja læðist í sósuna sem enginn vill.

Eftir að búið er að kreista tómata þá setjið þá klípu af salti út á og mikilvægt er að smakka sósuna til.

Þá fer sósan á pizzuna, mozzarella dreift yfir og hún bökun. Ef þið eigið pizzaofn eða pizzastein, frábært, annars bara á plötu eins ofarlega í ofninum og þið komist á eins háum hita og ofninn kemst.

Eldunartími getur verið mjög misjafn eftir því hvernig ofninn þinn er og hvort þú ert með stein eða ekki, en galdurinn er að reyna að baka pizzuna eins hratt og hægt er.

Mögulega þarf að snúa pizzunni í 180°C sirka þegar eldunartími er hálfaður en svo er hún tekin út þegar osturinn er bráðnaður og kantarnir farnir að taka á sig lit.

Að lokum er basilíkulaufum dreift yfir pizzuna og þá er bara eftir að njóta.

Ég ætla að skora á brjálaða vísindamanninn hann Grétar Halldórsson. Hann er þúsund þjala smiður í orðsins fyllstu merkingu og lumar pottþétt á einhverju áhugaverðu úr eldhúsinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheidar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Japanskt dansleikhúsnámskeið fyrir börn og fullorðna



Í sumar bætist við fjölbreytta flóru sumarnámskeiða fyrir börn í Árborg en leikkonan Hera Fjord og butoh-dansarinn Gio Ju sameina krafta sína og bjóða upp á japanskt dansleikhúsnámskeið.

Unnið verður með líkamann sem uppsprettu sköpunarkraftsins, ásamt tónlistar- og sagnaarfi frá Íslandi, Japan og Suður-Kóreu. Börnin læra undirstöðuatriði í að semja bæði dans og leikverk, fá hjálfun í dans og leiklistartækni ásamt því að fá að lokum að setja upp sýningu fyrir aðstandendur sem þau semja í samvinnu við kennara.

Námskeiðið verður haldið á Stað, Eyrarbakka 7. - 11. júlí í sumar og verður daglega frá kl. 12 - 15. Dansarinn Gio Ju þekkja eflaust margir en hún hefur komið fram á Oceanus listahátíðinni á Eyrarbakka undanfarin ár. Hún ætlar einnig að bjóða upp á námskeið fyrir fullorðna í Butoh-dansi 2. - 4. júlí frá kl. 15 - 18 og er hægt að taka þátt í eitt eða fleiri skipti.

Tækifæri sem allir sem áhuga hafa á dansi eða leiklist ættu ekki að láta fram hjá sér fara. Námskeiðin eru bæði haldin með stuðningi frá Ungmennafélagi Eyrarbakka og er hægt að fá frekari upplýsingar hjá Heru: 2herafjord@gmail.com.

Hverju skila áfangastaðir?

Áfangastöðum ferðamanna má líkja við fiskinet: Það hagnast fáir á sjálfu netinu en án þess væri enginn afli. Yfir 97% erlendra ferðamanna segja að náttúra landsins hafi haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að koma til Íslands. Til þess að geta notið náttúrunnar versla gestir okkar svo gistingu, mat, afþreyingu og aðra þjónustu sem skilar tekjum inn í samfélagið. Þétt net góðra áfangastaða skiptir ferðaþjónustuna því jafn miklu máli og góð veiðafæri gera í sjávarútvegi.



Ljósmynd: Birta Rán Björgvinsdóttir.

Náttúruþerlur hafa ekki alltaf verið aðgengilegar

Hingað hefur fólk ferðast um aldir og virt fyrir sér eldfjöll, fossa, gljúfur, jökla og hvera, enda er Suðurland auðugt af áfangastöðum af náttúrunnar hendi. Það er þó ekki þar með sagt að náttúruþerlurnar hafi alltaf verið eins aðgengilegar almenningi og þær eru nú. Það er ekki fyrr en seint á tuttugustu öldinni sem heimafólk og ferðamenn fóru að geta notið landsins á þann hátt sem við gerum í dag. Stórir áfangar í bættu aðgengi ferðafólks um landshlutann eru sem dæmi:

1907 – Konungsvegurinn var lagður. Markar fyrstu drög að Gullna hringnum. Englendingar falast eftir Gullfossi til virkjunarframkvæmda sama ár.

1928 – Barátta Sigríðar í Brattholti gegn virkjun Gullfoss bar loks árangur og leigusamningur um nýtingu hans féll niður. Þingvallahljóðgarður var stofnaður sama ár.

1945 – Íslenska ríkið keypti Gullfoss.

1974 – Hringvegurinn var kláraður með opnun Skeiðarárbrúar.

1975 – Ferðafélag Íslands hófst handa við að byggja upp Laugavegin. Sama ár var Gullfoss formlega friðlýstur.

1979 – Friðland að Fjallabaki var stofnað.

2008 – Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður. Þjóðgarðurinn hefur stórbætt aðgengi að helstu þerlum og samtímis stuðlað að náttúruvernd.

Í seinni tíð hafa byggst upp staði, stígar, salerni og aðrir innviðir við okkar helstu náttúruþerlur sem bæta öryggi, vernda náttúruna og auðvelda ekki sist börnum, öldruðum og hreyfihömluðum að njóta þeirra.

Nauðsynlegt að líta út fyrir nánasta umhverfi áfangastaðarins

Öll uppbygging er kostnaðarsöm en hún er um leið ábatasöm fjárfesting. Til að átta sig á verðmætinu sem skapast af góðum áfangastöðum er nauðsynlegt að líta út fyrir nánasta umhverfi þeirra. Þótt aðgangseyrir eða bílastæðagjald geti hjálpað til við rekstur áfangastaðar eru það smáaurar í stóra samhenginu. Lítum á erlenda fjölskyldu sem heimsækir Jökulsárlón: Hvar gista þau? Hvernig komst þau á staðinn? Fara þau í siglingu á lónið eða jökлагöngu í nágrenninu? Eflaust borða þau skyr í morgunmat og bleikju með íslenskum kartöflum og tómötum í hádeginu. Versla jafnvel íslenskt handverk. Hvar býr fólk sem hefur atvinnu af því að þjónusta þessa fjölskyldu, framleiða matinn og byggja upp innviðina? Hvert renna tekjurnar? Þetta er raunverulegt virði áfangastaðar.

ins. Viðeigandi uppbygging, með náttúruvernd, aðgengi og öryggi í huga, er fjárfesting fyrir samfélagið í heild.

Tekjur af ferðaþjónustu gera okkur kleift að styrkja innviði

Ferðaþjónustan skilar tekjum til íbúa, ríkis og sveitarfélaga, sem gerir okkur kleift að vernda náttúruþerlurnar okkar og gera þær aðgengilegar almenningi. Þannig voru 1,3 milljarðar eyrnamerkir framkvæmdum við áfangastaði á Suðurlandi á árunum 2023-2025, ýmist í gegnum Framkvæmdasjóð Ferðamanna- staða og Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögu- legum minjum. Að þessu sinni hlutu aðeins tveir sunnlenskir áfangastaðir úthlutun úr Framkvæmdasjóði en líklega skýrist það af sérstakri áherslu ársins 2025 á að byggja upp minna sótt svæði og lengja ferðatímabil. Þá má einnig benda á að þótt fáir styrkir hafi komið til Suðurlands þetta árið rann um 70% fjármagns síðustu Landsáætlunar til uppbyggingar á lykiláfangastöðum Suðurlands.

Styrkir bæta öryggi og vernda náttúru

Við fögnum þeim styrkjum sem Framkvæmdasjóður ferðamanna- staða veitti til Suðurlands að þessu sinni en þeir snúa að bættu öryggi og náttúruvernd við Sigöldugljúfur og í Reykjadal. Við óskum styrk- þegum innilega til hamingju og þökkum öllu því góða fólk sem hefur unnið að vernd og uppbyggingu áfangastaða síðustu ár. Uppbygging áfangastaða veltur nefnilega fyrst og fremst á eljusömu hugsjónafólki. Takk fyrir að þetta og efla net áfangastaða á Suðurlandi og styðja þannig við atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi.

Vala Hauksdóttir,
Markaðsstofu Suðurlands.



ÚTBOD

Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í:
„Bergþórugerði 1. áfangi“

Verkið felur í sér gerð á nýjum götum, Bergþórugerði og Vallarbraut, á Hvolsvelli. Verktaki skal jarðvegsskipta götustæði samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, reisa ljósa- staura og leggja ljósastaurastreng og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annarra veitulagna.

Helstu magntölur eru:	
Gröftur	6.650 m³
Fylling	7.200 m³
Fráveita	795 m
Vatnsveita	358 m
Ljósastaurar	17 stk.
Hitaveita	1.380 m

Verkinu skal að fullu lokið 1. desember 2025.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeginum 12. júní 2025. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu Selfossi, með tölvupósti á netfangið bardur.arnason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur, eða rafrænt á bygg@hvolsvollur.is fyrir **kl. 11.00 miðvikudaginn 2. júlí 2025** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Póra Björg Ragnarsdóttir,
skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
 Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
 s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KIRKJA

Selfosskirkja

Messa klukkan 20:00 sunnudaginn 22. júní. Organisti er Ester Ólafsdóttir, kirkjukórinn leiðir sönginn og séra Ása Björk Ólafsdóttir þjónar og prédikar.

Tungufellskirkja

Kvöldmessa á Jónsmessu þriðjudaginn 24. júní kl. 20. Eyrún Jónasdóttir organisti leiðir almennt safnaðarsöng.

HEILSA

Heilsa

Mörg heilsuvandamál stafa af óhollu matarræði, skorti á hreyfingu og neikvæðu hugarfari.

Ég býð núna upp á stutt námskeið fyrir einstaklinga, fjölskyldur og litla hópa um bættu heilsu með gönguferðum eða öðrum æfingum, með hollu og einföldu matarræði og aðferðum til að minka stress og áhyggjur.

Er einnig með augnlestur sem getur sagt margt um stöðu heilsunnar; líkamlega og andlega. Er líka með svæðanudd, nudd og dáleislu. Heiðar Ragnarsson s. 898 1501 sms eða símtöl (ef ég næ ekki að svara, sendið þá sms).

FUNDIR

Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
 Opið hús

Þriðjud. kl. 14-16
 Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
 Opið hús

Fimmtudaga kl. 11-14
 Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
 Opið hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
 Þrið. kl. 19 - AA konufundur
 Mið. kl. 19:30 - AA fundur
 Fim. kl. 20 - AA karlafundur
 Fös. kl. 20:30 - AA fundur
 Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
 Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
 AA Hrísholti 8, Selfossi.
 Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
 Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
 Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
 Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
 Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
 Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
 Hrísholti 8, Selfossi.
 Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
 Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
 Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
 Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

TIL LEIGU

50+ íbúð til leigu

Til leigu 3ja herb. 50+ íbúð með bílakjallara á Selfossi. Uppl. í síma 844 7732.

Af leikskólamállum í Árborg – aukin fræðsla til foreldra og starfsánægja eykst

Heiða Ösp
 Kristjánsdóttir

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar.



Júllana
 Tyrfingsdóttir

Faglegur leiðtogi leikskóla Árborgar.



Leikskólaumhverfið á Íslandi hefur tekið miklum breytingum á undanförmum árum. Sveitarfélög hafa verið að útfæra þjónustu með ýmsum hætti og er Sveitarfélagið Árborg ekki undanskilið því.

Á skólaárinu 2024-2025 var boðið upp á uppeldisnámskeið í tveimur leikskólum sem hluta af aðlögun barna sem eru að hefja leikskólagöngu. Markmiðið með námskeiðinu var að skapa vettvang fyrir fræðslu til foreldra við upphaf leikskólagöngu barnanna. Uppeldisnámskeiðið sem um ræðir er námskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* sem er sérstaklega þróað fyrir foreldra á Íslandi og byggir á gagnreynndum aðferðum. Á námskeiðinu læra foreldrar aðferðir til að styrkja þá í uppeldishlutverkinu sem laðar fram og styður við æskilega hegðun barna. 50-60% foreldra í tveimur leikskólum sóttu námskeiðið og var niðurstaða foreldra sú að námskeiðið hafi staðist væntingar, verið gagnlegt og fræðandi. Foreldrar höfðu tækifæri til að kynna og mynda tengsl bæði við starfsfólk og aðra foreldra. Ákveðið hefur verið að bjóða upp á uppeldisnámskeiðið sem hluta af aðlögun í öllum leikskólum í Árborg og hafa verið haldin leiðbeinendanámskeið fyrir hluta af starfsfólki leikskólanna.

Öll börn sem verða 18 mánaða við upphaf aðlögunar hafa fengið boð um leikskólavistun frá næsta hausti eða öll börn fædd út mars 2024. Til þess að koma til móts við foreldra er niðurgreiðsla til foreldra barna 18 mánaða og eldri sem nýta sér þjónustu hjá dagforeldrum hækkuð og munu þeir foreldrar greiða gjald sem samsvarar fullu leikskólaplássi hjá Sveitarfélaginu Árborg. Með því er komið til móts við þá foreldra sem eru á bið eftir leikskólaplássi með barn 18 mánaða og eldri.

Skólaárið 2024-2025 fór af stað tilraunaverkefni þar sem skráningu á vistunarfyrirkomulagi barna var breytt og í leiðinni var fast mánaðargjald lækkað. Breytingin fölst í að tekið var upp skráningarfyrirkomulag eftir kl. 14:00 á föstudögum og í Dymbilviku, haust- og vetrarfríi. Foreldrar skrá þá börnin sín sérstaklega þurfi þeir þjónustu á þessum skráningartímum eða skráningardögum. Lagt var upp með að ef foreldrar nýttu alla þjónustu

yrði heildargjald foreldra aldrei hærra en áður var greitt fyrir þjónustuna. Vinnutímastyttingu, sem núna er nefnd betri vinnutími, var beint á þessa tíma og er niðurstaðan sú að heilt yfir hefur starfsánægja aukist og lokunum vegna þess að virkja hefur þurft faliðunaráætlun hefur dregist saman. Við mat á verkefninu var viðhorf foreldra og starfsfólks til verkefnisins kannað. Ákveðið var að halda verkefninu áfram og tilraunaverkefnið fest í sessi auk þess að bæta við skráningardegi á Þorláksmessu. Leikskólar Árborgar verða lokaðir á milli jóla- og nýárs.

Með ofantöldum aðgerðum er verið að styðja við barnafjölskyldur og styðja við leikskólaumhverfið, bæði fjölskyldum og starfsfólki til hagsbóta. Er það von okkar að þróunin verði áfram með jákvæðum hætti en árangurinn er sá að dregið hefur úr veikindafjarveru starfsfólks, starfsánægja í leikskólum hefur aukist og virkjun faliðunaráætlunar heyrir til undantekninga.

Átta verkefni aðildarféлага HSK hlutu styrk úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ

Margvísleg verkefni hlutu styrki úr vorúthlutun Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ. Sjóðurinn úthlutaði rétt tæpum 12,6 milljónum króna til 73 verkefna. Alls bárust 82 umsóknir um styrki til sjóðsins. Átta verkefni aðildarféлага HSK hlutu styrk að þessu sinni.

Verkefnin eru mjög fjölbreytt, allt frá þjálfaranámskeiðum og eflingu badmintons, fræðsluerinda ýmiss konar, fræðsluferða til Danmerkur, til sagnaritunar og margs fleira.

Markmið sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmenntafélagsshreyfingarinnar í samræmi við stefnu UMFÍ, m.a. með því að auka menntun



og þekkingu féлага innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

Rétt til umsóknar úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélag sem eru virk í starfi og deildir innan þeirra. Einnig eiga

stjórn og nefndir UMFÍ rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Umsóknarfrestir eru tveir á ári. Að hausti opnar fyrir umsóknir 1. október og er hægt að senda umsóknir inn til og með 1. nóvember. Aðildarfélag eru hvött til að sækja um í haust. Það fær enginn styrk úr sjóðnum nema sótt sé um.

Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Motocrossdeild Umf. Selfoss, Keppnistjóranámskeið í Rugby í Bretlandi á vegum FIM, 150.000 kr.

Fimleikadeild Umf. Þórs, Þjálfaranámskeið, 300.000 kr
Umf. Biskupstungna, Málstofa um íþróttamál í Uppsveitum, 50.000 kr.

Knattspyrnufélag Rangæinga, Endurmenntunarferð þjálfara til Danmerkur, 200.000 kr.

Körfuknattleiksfélag Selfoss, Karakter í Selfoss Körfu, 288.000 kr.

Fimleikadeild Umf. Selfoss, Þjálfaranámskeið, 110.000 kr.

Fimleikadeild Umf. Selfoss, Fræðsluferð til Danmerkur, 200.000 kr.

Fimleikadeild Umf. Selfoss, Móttökunámskeið, 75.000 kr.
 Samtals 1.373.000 kr.



Gekk á Valahnúk þrátt fyrir hreyfihömlun

Ávordögum fór 7. bekkur í Vallaskóla saman í árlega bekkjarferð þar sem nemendur gengu upp á Valahnúk í Þórs-mörk. Meðal þeirra var Thelma Rós Garysdóttir Pettengell. Thelma Rós er greind með CP (Cerebral Palsy) en það er al-gengasta tegund hreyfihamlana meðal barna. Thelma er einnig með ADHD og einhverfu.

CP lýsir sér með þeim hætti að hreyfiproska er seinkaður vegna skaða eða áfalls á stjórnsöðvum hreyfinga í heila. Fötlunin er margbreytileg og einstök fyrir þá sem eru með CP. Sumir hafa ágæta hreyfigetu og þroskast næstum eðlilega meðan önnur börn með CP þurfa aðstoð við nánast allar athafnir daglegs lífs. Fyrir Thelmu þá á hún erfitt með að ganga í lengri tíma og því var þessi þrekganga á toppinn mikið afrek.

„Ég hélt að ég myndi ekki ná þessu en ég gerði mitt besta og gafst ekki upp. Þegar ég kom niður hljóp stuðningurinn minn til mín og faðmaði mig því hún var svo stolt af mér fyrir að fara á toppinn. Ég er mjög ánægð að ég fór á toppinn og er mjög stolt af sjálfri mér. Ég bjóst ekki við því að ég myndi geta það. Mig langar að gefa öðrum krökkum með CP og aðrar greiningar þau skilaboð að gefast aldrei upp og þú getur meira en þú heldur!“ segir Thelma Rós.

„Þegar ég var yngri þá þorði ég alls ekki að segja frá mínum



sjúkdómi og enginn í bekknum mínum vissi hvað ég hafði. En í 7. bekk vorum við að læra um alls konar sjúkdóma sem við áttum að kynna fyrir hópnum. Ég ákvað þá með hjálp stuðningsins míns að tala um minn sjúkdóm og segja frá að ég væri með CP. Allir krakkarnir voru hissa að hafa ekki vitað þetta en þau

voru einnig mjög stolt af mér að koma loksins fram með þessar upplýsingar. Það var erfitt fyrir mig að segja frá, því ég vildi ekki að fólk kæmi öðruvísi fram við mig en eftir að ég sagði frá þá hefur ekkert breyst, allir taka mér eins og ég er,“ segir Thelma að lokum.

Sumarhátíðir og bætt þjónusta

Nú er tími bæjarhátíðanna. Nað hefst og hér í Árborg verður fjölbreytt dagskrá í sumar líkt og áður. Við höfum leik þann 17. júní með hátíðarhöldum á Selfossi og Eyrarbakka. Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka kemur í kjölfarið, Bryggjuhátíð á Stokkseyri og stærsta hátíð sumarsins, Kótelettan, verður um miðjan júlí. Fornbílasyning, Brúarhlaupið og Sumar á Selfossi loka síðan hefðbundinni sumarvertíð. Það er þó vert að minnast á Íslandsmót ungmenna og fullorðinna í hestaiþróttum á Selfossi í lok júní ásamt þeim fjölda knattspyrnuleikja og móta sem verða á Selfoss- og Stokks-eyrarvelli í sumar. Af nægu er að taka og hvet ég íbúa og gesti til að taka þátt með okkur, www.arborg.is.

Aukinn opnunartími gámasvæðis

Umhverfisnefnd Árborgar lagði til í vor að lengur yrði opið á gámasvæðinu í Víkurheiði í miðri viku í sumar. Ákveðið var að byrja á að hafa lengur opið á miðvikudögum og verður því opið til kl. 18:00 þá daga. Aðra virka daga er opið frá kl. 10:00-16:00. Svo er opið á laugardögum frá kl. 9:00-16:00.

Af öðru tengdu úrgangi þá var Svf. Árborg að semja við



Bragi Bjarnason

Bæjarstjóri og oddviti sjálfstæðisflokksins í Árborg

Umhverfis- og tæknisvæði Uppsveita (UTU) um móttöku UTU á seyru sem fellur frá hreinsistöðvum og úr rotþrómi í Árborg. Seyran er meðhöndluð í móttökustöðinni á Flúðum og m.a. notuð til uppgræðslu á ákveðnum svæðum á suðurhálendinu.

Aukin niðurgreiðsla til dagforeldra

Úthlutun leikskólalássa hefur gengið vel og öll börn sem verða 18 mánaða við upphaf aðlögunar fengið boð um leikskóla-vistun. Er þar miðað við börn fædd út mars 2024. Auk þess hefur uppeldisnámskeið fyrir foreldra barna í aðlögun fest sig í sessi ásamt skráningardögum í leikskólum sem eykur valfrelsi foreldra um þjónustu og heldur gjöldum í lágmarki.

Til að styðja betur við dagforeldrarferfið sem og foreldra hefur bæjarstjórn samþykkt auknar niðurgreiðslur til dag-

foreldra. Sé tekið mið af fullri átta tíma vistun hjá dagforeldri er niðurgreiðslan að hækka úr 70 þúsund kr. upp í 89 þúsund kr. eða um 27 prósent og fyrir börn 18 mánaða og eldri úr 110 þúsund kr. upp í 120 þúsund kr. eða 9 prósent. Mikilvægt er að styðja vel við bæði leikskóla- og dagforeldrarferfið en í stóra samhenginu þarf á Íslandi að vinna að lengra fæðingarorlofi og gefa foreldrum frelsi til að nýta orlofið eins og þeim hentar.

Stoltur af samfélaginu í Árborg

Það vekur stolt hjá manni að heyra frá íbúum að þeim líði vel að búa í sveitarfélaginu okkar. Þrátt fyrir fjárhagsumræðu undanfarinna ára, sem oft og tíðum hefur verið neikvæð, er það ekki eini mælikvarðinn á lífsgæði í samfélagi. Það sést vel á áframhaldandi íbúafjölgun og þeim umsögnum sem við heyrum af þjónustu stofnana sveitarfélagsins. Mér finnst þakkarvert að verða var við hversu margir íbúar draga fram það jákvæða í samfélaginu. Um leið er mikilvægt að hlusta á ábendingar um hvað megi gera betur enda getum við alltaf unnið að því að gera gott betra. Óska öllum íbúum og gestum gleðilegrar helgar og þjóðhátíðardags 17. júní.

TÆKIFAERI FYRIR ÍPRÓTTAFÉLÖG / FÉLAGASAMTÖK

Tækifæri til fjáröflunar sem veitir sístreymi í gegnum vörur sem allir geta notað sér til góðs. Margviðukenndar vörur.

Frábær leið fyrir íþróttafélög / félagasamtök eða þig.

Upplýsingar í síma 695 0452 (Ásta).

SIGGI Í SKARÐI 80 ÁRA

Laugardaginn 21. júní næstkomandi ætla Sigurður Björgvinsson, Soggi í Skarði, að halda upp á 80 ára afmæli sitt í hlöðunni í Skarði, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Opið hús og öll velkomin.

DAGSKRÁ:

- 17:00 Húsið opnar. Léttar veitingar af ýmsu tagi.
- 18:00 Hefst létt dagskrá. Söngur og skemmtan.
- 19:00 Matur og stemning inn í nóttina.

Sigurður afþakkar gjafir en bendir á styrktar-reikning Pieta samtakanna:

Reikn. 0301-26-041041 - Kt: 410416-0690

Pieta samtökin eru líka á AUR! Sláðu inn notendanafnið @pieta og sendu þitt framlag.



PEERS-námskeiði í félagsfærni lokið með góðum árangri

Nýlega lauk 16 vikna PEERS®-námskeiði í félagsfærni, sem haldið var í samstarfi milli Birtu starfs-endurhæfingar Suðurlands og Elju virkniráðgjafar hjá Sveitarfélaginu Árborg. PEERS®-námskeið hafa verið haldin hjá Birtu frá 2019 en er þetta í fyrsta skipti sem það er haldið í sameiningu. Námskeiðið er hluti af markvissu starfi til að efla félagsfærni og virkni meðal ungs fólks á svæðinu.

PEERS® er alþjóðlega viðurkennt námskeið sem byggir á rannsóknum og reynslu á sviði félagslegrar færniþjálfunar. Á námskeiðinu læra þátttakendur hagnýtar leiðir

til að bæta samskiptahæfni, efla sjálfstraust og takast á við félagslegar aðstæður á markvissan hátt.

Námskeiðið tókst vel til og þátttakendur sýndu mikinn áhuga og þátttöku. Bæði Birta og Elja hafa lýst yfir ánægju með samstarfið og eru með áform um áframhaldandi verkefni sem styðja við ungt fólk á Suðurlandi með það að markmiði að efla félagslega virkni og þátttöku í samfélaginu.

Samstarfið er gott dæmi um hvernig stofnanir geta sameinað krafta sína til að mæta þörfum ungs fólks og byggt upp öflugt stuðningsnet í nærsamfélaginu.

Marína Ósk fagnar útgáfu nýrrar plötu

Í tilefni af útkomu sinnar þriðju íbreiðskífu, Oh, Little Heart, blæs tónlistarkonan og Eyr-bekkingurinn Marína Ósk til útgáfutónleika og fagnaðar í Húsi Máls og menningar, Laugavegi 18, fimmtudaginn 19. júní kl. 18:00. Vinum, vandamönnum, aðdáendum og öllum þar á milli er boðið að koma og fagna útgáfunni, en frítt er inn á tónleikana.

Marína Ósk, sem best er þekkt fyrir að vera ein af helstu djasssöngkonum Íslendinga fetar nýjar músíkslóðir með plötunni Oh, Little Heart, en þar býður hún upp á kántrískotið popp, blús og tilfinningarík söngvaskáldaljód.

Með Marínu á sviðinu á fimmtudaginn verða Kjartan Baldursson á gítar, Ingólfur Magnússon á kontrabassa, Ásmundur Jóhannsson á trommur, og Ragnar Ólafsson á hljómborð, en allir eru þeir meðlimir hljómsveitarinnar The Bookstore Band, ásamt Marínu, sem



leikur daglega fyrir fullu Húsi Máls og menningar.

Frítt er inn á tónleikana, eins og áður sagði, en hægt verður að styrkja Marínu Ósk og tónlistarmennina með frjálsum framlögum. Einnig verður hægt að tryggja sér í forsölu eintök af vínplötum og sérstakri bók með söngtextum og litanlegum teikningum, eins konar tvíbura-systkini plötunnar sjálfar.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

HETTY

BIFREIÐAVERKSTÆÐI

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI FYRIA FYRIRTÆKJABÍLA
DEKKJABJÓNUSTA • SMURBJÓNUSTA

☎ 486 1111

hettiehf@gmail.com



Stíflubjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575
800 SMÍÐI EHF.

KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

FÁÐU TILBOÐ Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS



SÓLPALLUR
Fagmennska • Gæði • Áreiðanleiki

ÖKUKENNSLA
Á SUÐURLANDI
897-4693
Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS
"Með þér alla leið"



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

BRÁÐ AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

TAXI
SELFOSSI
SÍMI 482 3800

HJÓLA-
STÓLABÍLL
SÍMI 777 5422

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

stiflulosun.is

VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsahreinsun

☎ 510-1180 / 669-8441